

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Starfsleyfisflokkur:
Arctic Sea Farm	5. 12. 2018	Dýrafirði	2
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhent:	Gerð stöðvar:
700807-0450	22.11.2033	Já	Sjókvíar, 4.000t af laxi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti? Áætlaðar breytingar?	X			Sett út á nýrri staðsetningu: Eyrarhlíð (lax)
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. maí?		X		Skilað inn í GB 16. maí.
Grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi skilað fyrir 1. maí?		X		GB skilað 16. maí en útstreymisbókhaldi 10. júlí
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Lagfært
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?	X			Rekstraraðili skal boða til fundar á 4 ára fresti.
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Lagfært

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíaelði

Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?	X			
Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmyndun sé í lágmarki?	X			Handfóðruð með blásurum en um leið eru settar út neðansjávarmyndavélar sem fylgjast með fóðruninni og þannig fæst góð stýring á fóðruninni.
Er skráning á losun fósfors og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt? Mælingar eða útreikningar? Síðustu mælingar?	X			Í grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi. Hefur ekki verið mælt.
Hvernig er fylgst með uppsöfnun fóðurleifa – þarf að fylgjast með? Er mikið af þörungablóma eða fugli í nágrenninu?	X			Botnsýni tekin. Robot notaður í eigið eftirlit. Engir fuglar sjáanlegir og skyggni sjávar gott.
Er staðsetning kvía skv. starfsleyfi?	X			
Hver er fjöldi kvía, stærð þeirra og áætlað magn og stærð fiskjar?	X			Gemlufall: Sjö 160 m kvíar. Samtals um 600 þúsund fiskar. Meðalþyngd 3,5 kg. (2 kvíar með um 5 kg fisk) Eyrarhlíð: Tólf 160 m kvíar. Samtals um 1,8 milljón fiskar. Meðalþyngd 377 g (2 kvíar með um 1 kg fisk)
Eru kvíarnar staðsettar innan leyfilegs svæðis skv. starfsleyfi?	X			
Hvenær er áætluð slátrun úr kvíum? Hvar verður slátrað? Hver tekur við slógi? Hvenær er næsta útsetning seiða áætluð?	X			Byrja slátrun í janúar úr Gemlufalli. Slátrað verður í sláturhúsi Arnarlax á Bíldudal. Verður tæmt í október. Næsta útsetning áætluð 2020 á Haukadalsbót.
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.		X		Efnamælingar í sjósýnum vantar.
Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við	X			Klofningur safnar dauðfiski.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Kvíældi

starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?				
Er umhverfisvöktun í samræmi við starfsleyfi?		X		Efnaælingar í sjósýnum/viðtaka vantar. Súlfíð hefur verið mælt í botnseti en ekki fosfór eða köfnunarefni.
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfisvöktunar.		X		Hvildarskýrslu Gemlufalls 2017 var skilað en engum efnaælingum hefur verið skilað fyrir árið 2017 nema súlfíðmælingum á botnseti. Einnig hefur stuttum skýrslum eftir hverja sýnatöku ekki verið skilað.
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	Á ekki við
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?	X			Á sama tíma næsta haust, skv. starfsleyfi. NAVE.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

23.06.2017: Engin frávik komu fram og engar athugasemdir voru gerðar

Samantekt:

Engar aths.

Annað

Undirskrift eftirlitsmanns:

Sigríður Eirslóttir

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm Dýrafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	5.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm	Eftirlitsmaður	Sigríður Gísladóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Bernharður Guðmundsson	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steinunn G. Einarsdóttir	Staðsetning	65°53,460'N 23°37,710'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram við eftirlitið og þrjár ábendingar eru gerðar.

Frávik höfðu komið fram frá þágildandi starfsleyfi, árin 2015 og 2016, vegna staðsetninga kvía við Gemlufall. Við úgfáfu þess leyfis sem nú er í gildi, í nóvember 2017, var eldissvæðinu við Gemlufall bætt inn í starfsleyfi rekstraraðila og frávikunum var því lokað.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Matvælastofnun í samræmi við samning þar um sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa gert með hliðsjón af lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Vísað er í meðfylgjandi gátlista.

Nánari útlitun á frávikum frá gr. 4.3 í starfsleyfi: Rekstraraðili óskaði þann 14. maí eftir fresti til 18. maí til skila. Veittur frestur tók einungis til frests á eftirfylgni stofnunarinnar með frávikinu þar sem dagsetningin er bundin í reglugerð og eftirlitsaðili hefur ekki heimild til að breyta slíkum kröfum.

Nánari útlitun á frávikum frá gr. 5.1 í starfsleyfi: Ekki er starfað eftir samþykktri vöktunaráætlun 2017-2023 og vöktun á losun mengunarefna er ábótavant. Skv. áætlun um útsetningu og slátrun stóð ekki til að slátra fiski 2017 og 2018. Skv. upplýsingum frá rekstraraðila var slátrað úr Haukadalsbót og Gemlufalli 2017. Rekstraraðili hefur þó sinnt einhverri sýnatöku við þau eldissvæði sem eldi er á. Lokaskýrsla Haukadalsbótar 2016 tiltekur ekki efnamælingar í sjósýnum. Hvíldarskýrsla Gemlufalls 2017 tiltekur engar efnamælingar. Mikilvægt er að efnamælingar séu gerðar á seti við hvíldarsýnatöku líkt og í lokasýnatöku svo hægt sé að fylgjast með framvindu á svæðinu. Taka á sýni á hverju svæði fyrir útsetningu, í kringum slátrun og að loknum hvíldartíma ef svæðið verður notað aftur. Skv. vöktunaráætlun á að skrifa stutta skýrslu eftir hverja sýnatöku og lokaskýrslu um hvert fiskeldissvæði eftir fiskeldisstímabilið. Lokaskýrsla Gemlufalls 2017 hefur ekki borist stofnuninni. Stofnunin óskar eftir því að þær vöktunarskýrslur sem hafa ekki borist, en eru til vegna sýnatöku á þessum eldissvæðum, verði sendar eftirlitsaðila hið fyrsta og framvegis verði þær sendar þegar þær eru fullunnar, þó eigi síðar en 1. maí ár hvert fyrir undangengið ár. Einnig óskar stofnunin eftir uppfærðri vöktunaráætlun, m.a. með uppfærðri útsetningar- og slátrunaráætlun.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 4.2 í starfsleyfi

Ársyfirliti skal skilað fyrir 1. maí ár hvert og skulu niðurstöður mælinga og skráninga sbr. kafla 3, 4, og 5 í starfsleyfi koma þar fram. Ársyfirlit ársins 2017 barst ekki fyrir 1. maí og skráningum vegna framleiðslu á hverjum eldisstað var ábótavant. Yfirlitið barst 16. maí 2018 og uppfærðar upplýsingar um framleiðslu hafa einnig borist. Frávikinu telst því lokið.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Grænt bókhald skal berast fyrir 1. maí ár hvert. Grænt bókhald ársins 2017 barst 16. maí 2018. Sjá nánari útlitun á frávikum undir umfangi eftirlits hér að ofan. Frávikinu telst lokið.

Gr. 4.3 í starfsleyfi

Útstreymisbókhald skal berast fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald ársins 2017 barst 10. júlí 2018. Frávikinu telst lokið.

5.1 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal vera með vöktunaráætlun og vakta skal dreifingu á losun mengunarefna til viðtaka. Ekki er unnið skv. samþykkttri vöktunaráætlun og vöktun á losun mengunarefna í sjó er ábótavant. Sjá nánari útlitun á frávikum undir umfangi eftirlits hér að ofan. Rekstraraðili vinnur að því að uppfæra vöktunaráætlanir fyrir öll sín starfsleyfi.

Gr. 3.3 í þágildandi starfsleyfi Dýrfisks (seinna Arctic Sea Farm), sem var gefið út 13. febrúar 2013 og fellt úr gildi við gildistöku núgildandi leyfis.

Grænt bókhald og útstreymisbókhald vegna ársins 2016 bárust ekki fyrir 1. maí 2017. Gögnin hafa borist og frávikinu telst því lokið.

ÁBENDINGAR

Athygli rekstraraðila er vakin á því að skv. gr. 2.2 starfsleyfis skal fara fram samráðsfundur á fjögurra ára fresti. Rekstraraðili skal boða útgefanda starfsleyfis, eftirlitsaðila og fulltrúa Heilbrigðisnefndar Vestfjarða að sitja fundinn. Eftirlitsaðili óskar eftir því að fyrsti fundurinn verði boðaður sem fyrst, t.d. í tengslum við næsta eftirlit stofnunarinnar með starfsseminni.

Stofnunin óskar eftir því að neyðaráætlun sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi og áhættumati og viðbragðsáætlun sbr. gr. 2.5 í starfsleyfi sé skilað í sitthvoru skjalinu. Einnig skulu þær uppfærðar í samræmi við áður gefnar leiðbeiningar eftirlitsaðila.

Einnig bendir eftirlitsaðili á að skv. núgildandi starfsleyfi er lágmarkshvíldartími eldissvæða milli kynslóða sex mánuðir.

ANNAÐ

Stofnunin minnir á hvíldarsýnatöku sem gera skal fyrir útsetningu seiða við Haukadalsbót og óskar eftir því að vöktunarskýrslur ársins 2018 berist í seinasta lagi með áryfirliti þann 1. maí nk.

26.02.2019

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Hulda Soffía Jónasdóttir

